

hjeraðsdómsins um málskostnað og iðgjöld, ber að öllu leyti að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Svo ber ákærða og að greiða allan áfrýjunarkostnaðinn, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra. Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Ákærða Hannesi Einarssyni ber að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málfutningslaun til sóknara og svara-manns fyrir yfirdómi, cand. jur. Halldórs Bjarnasonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra. Hið ídæmda greiðist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 25. júlímánaðar.

Nr. 26/1898:

Hið opinbera
gegn

Hermanni Jónassyni.

D ó m u r:

Með lögreglurjettardómi Húnavatnssýslu 27. okt. f. á. var hinn kærði Hermann Jónasson, bóndi á Þingeyrum, dæmdur fyrir ólöglega laxveiði í 40 kr. sekt, að hálfu til hlutaðeigandi sveitarsjóðs

og að hálfu til uppljóstrarmanns Pjeturs Kristóferssonar, svo og til að greiða allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, en dómi þessum er að ósk hins dómfella skotið til yfirdómsins af hlutadeigandi amtmanni.

Kærða er gefið að sök í þessu máli, að hann hafi haft ólöglega laxveiðiadferð í Bjargaós svo nefndum hinn 22. júlí f. á., og voru því netalagnir hans þennan dag skoðaðar af 2 laxveiðifróðum mönnum, er sýslumaður tilnefndi. Gáfu skoðunarmennirnir skýrslu um skoðunina og lýsingu á lögnum og unnu eið að, en kærði var viðstaddur skoðunina og fjekk gjörðar þær breytingar á mælingum skoðunarmannanna, er hann fór fram á. Eptir lýsingu skoðunarmanna var laxaneta-lögnum kærða í Bjargaós svo háttað fyrnefndan dag, sem nú skal greina:

Bjargaós er afrennsli til sjávar úr stöðuvatninu Hópið, sem laxveiðiáin Víðidalsá rennur í, og er Bjargaós um 1 mílu á lengd. Sjálfur fellur ósinn að vestanverðu rjett með svokölluðum Nesbjörgum, en austan að honum er Þingeyrasandur, og fellur vatn úr ósnum yfir mikið af sandinum, hjer um bil $\frac{1}{3}$ mílu, þegar flóð er í ánni, stórstraumsflóð, stormur af hafi eða vindur steundur af Hópinu, og mun vatnið þá vera á sandinum 1—2 fet á dýpt. Netalagnir kærða í Bjargaós voru á tveim stöðum, í svo nefndu Vonarlandi og í Vaðhvammi. Í Vaðhvammi var þvernet, $18\frac{1}{2}$ faðmur á lengd, strengt af grynningum að austan út í ósinn, og var taug úr vesturenda þess fest við stein á vesturbakkanum. Frá vesturlandinu og yfir í

vestari netendann var $13\frac{1}{2}$ faðmur, en alls 32 f. frá austurenda netsins til vesturlandsins. Í norð-austur frá austari enda nets þessa lá annað net norðaustur á sandinn um 25 faðma langt, og úr vesturenda þvernetsins lá annað langnet, um 16—18 faðma langt, með fleyg úr að innanverðu. Mest dýpi fyrir austan fleygnet þetta var 1 al. 20 þumbl., en mest dýpi fyrir vestan það 1 al. 19 þumbl., »en hvergi lá netið meira en í miðjan ál«. Möskvinn á netum þessum var rúmí 10 þumbl. Vonarlandslögninni var þannig háttað, að efst var oddalögn, þannig að hæll var rekinn niður efst og út frá honum gengu net á ská til beggja hliða til tveggja hæla, sem mynduðu þríhyrning við efsta hælinn; var vestara netið 12 faðmar á lengd, en hið austara 10 faðm., en milli hælanna voru 10 faðmar. Niður frá þessum hælum gengu aptur leiðarar niður ósinn, annar á 3. hundrað faðma langur, austur á sandinn, en hinn vestari, um 40 faðma langur, niður eptir sjálfum ósnum. Frá vesturlandinu að vestara langnetinu um nedri enda þess voru $9\frac{1}{2}$ al., en milli netanna $16\frac{1}{2}$ al. Dýpið var mest frá vesturlandinu að vestara langnetinu 1 al. 15 þumbl., en grynnkaði austur eptir og var 11 þumbl. við austara netið.

Þegar þessi lýsing á laxanetalögnum kærða, sem byggja verður dóminn á í máli þessu, er athuguð, er það ljóst, að kærði hefur brotið gegn 2. gr. laga 19. febr. 1886, um friðun á laxi, með því að þvergirða meira en helming Bjargaóss á Vonarlandi, og í Vaðhvammi með því, að þvergirða

Þann hluta óssins, er meira var dýpið í, og ber kærða, sem með landsyfirrjettardómi 26. apríl f. á. var dæmdur í 20 króna sekt fyrir ólöglega laxveiði í þessum sama Bjargaós, að greiða sekt fyrir brotið samkvæmt 8. gr. tjeðra laga, er þykir hæfilega metin af lögregludómaranum 40 kr., og þar sem yfirdómurinn hefur ekkert að athuga við ákvæði lögreglurjettardómsins að öðru leyti, ber að staðfesta hann með öllu. Kærða ber og að greiða áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í hjeradi hefur verið víta-
laus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Lögregludómurinn á að vera óraskaður. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, cand. jur. Halldórs Bjarnasonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd sekt greiðist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja að vidlagðri aðför að lögum.